

8. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um byggingu eyðijarðarinnar Kálfaness í Borgarfjarðar sýslu.

1854.
22. maí.

Húsmaður nokkur í Borgarfirði hafði sótt um, að sjer væri fengin eyðijörðin Kálfanes í Borgarfirði til að byggja þar nýbýli, en stiptamtmaðurinn hafði ekki viljað veita honum það sökum þess, að eigandi jarðarinnar Bæjar í Borgarfirði hafði sýnt skýrteini fyrir því, að hann ætti eyðijörðina, og hefði byggt hana ábúanda Bæjar, og væri goldið eptir hana. Síðan sótti húsmaðurinn um þetta til stjórnarinnar.

Þegar stjórnin hafði leitað álits stiptamtmannsins um þetta mál, svaraði hún: að hún fallist á úrskurð stiptamtmanns í þessu máli, þar eð jörð þessi, eptir því sem sannað hefur verið (sbr. einnig Johnsen: jarðatal, 114. bls.), sje eyðihjáleiga Bæjar, og sje byggð sjer í lagi, og ekki verði álitid, eptir tilskipun 15. apríl 1776, einkum eptir 2. gr. hennar, að veita skuli nýbýlisrjett til þess konar lands, sem vafalaust er eign annars, og þegar sannað er, að landið er notað, með því að árlega er goldið eptir það.

9. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu um alþingismanninn í Húnavatnsþingi¹.

26. júní.

Læknirinn í Húnavatnsþingi hafði spurt stjórnina, að hve miklu leyti það leiði af þeirri embættisstöðu hans, að hann er læknir í Húnavatnssýslu og nokkrum hluta Skagafjarðarsýslu eptir konungsúrskurði 15. desemb. 1837, að hann ekki geti setið á alþingi á næstu þingum, og hvort hann sje skyldur að fá annan læknir, sem tekið hefur próf í læknisfræði, til að vera í stað sinn á meðan. Amtmaðurinn hafði einnig skýrt frá þessu máli, og því sem fram hafði farið á alþingi, sökum þess, að hann lagði bann fyrir, að læknirinn sæti á þingi.

¹) Sbr.: Brjef 16. maí og hið næsta hjer á eptir.